

Hverfisráð Hríseyjar

11. fundur

Ár 2007, þriðjudaginn 12. júní kl. 16:15 var ellefti fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Mætt voru: Kristinn Árnason, Theódóra Kristjánsdóttir, Drífa Þórarinsdóttir, Unnsteinn Kárasón og Linda María Ásgeirsdóttir
Formaður setti fundinn og skipaði Theódóru Kristjánsdóttur fundarritara

Dagskrá:

1. Innsend bréf

1. Bréf frá Fasteignum Akureyrar. Kristinn las bréf frá FAK varðandi opnun sundlaugar í Hrísey. Þar kom fram að sundlaugin verður ekki opnuð fyrr en í haust. Stefnt er að því að aðstaða í sundlaugarhúsinu vegna tjaldstæðis verði tilbúin um miðjan júlí. Ákveðið að kynna bréfið fyrir Hríseyjingsum, að höfðu samráði við sendanda bréfsins

2. Afrit af bréfi Ak.þæjar til Sjávarútvegsráðuneytis um byggðakvótann. Þar sem óskað er eftir breytingu á úthlutunarreglum. Lagt fram til kynningar

2. Önnur mál

1. Rætt um síðuna hrisey.is og nauðsyn þess að efla fréttáflutning á síðunni. Drífa tekur að sér að fá botn í málið.

2. Rætt um losun ruslagáma og mikilvægi þess að pappa- og fernugámar séu losaðir þegar þeir eru orðnir fullir.

3. Umræður um starfsskilyrði fyrirtækja í Hrísey

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15

Kristinn Fr. Árnason
Theódóra Kristjánsdóttir
Drífa Þórarinsdóttir
Unnsteinn Rúnar Kárasón
Linda María Ásgeirsdóttir

Fundargerð ritaði Theódóra Kristjánsdóttir en Guðrún Kristjánsdóttir skráði hana í tölvu